



## FUNDARGERÐ

### Stúdentaráðs Háskóla Íslands, 7. fundur

Þriðjudaginn, 25. febrúar 2025

17:00-19:00

Háskóli Íslands, Askja, N-132

**Fundarstjóri: Arent Orri J. Claessen, forseti**

**Fundarritari: Daníel Hjörvar Guðmundsson, framkvæmdastjóri**

#### **Mætt eru:**

Alda María Þórðardóttir, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Vaka*

Andrea Þórey Sigurðardóttir (*án atkvæðisréttar*)

Anna Sóley Jónsdóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Ásthildur Bertha Bjarkadóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Birkir Snær Brynleifsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Daníel Guðjón Andrason (*án atkvæðisréttar*)

Eiríkur Kúld Viktorsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Ester Lind Eddudóttir, *stúdentaráðsliði, Röskva*

Fannar Gíslason (*án atkvæðisréttar*)

Guðlaug Eva Albertsdóttir (*án atkvæðisréttar*)

Guðmundur Kristinn Þorsteinsson (*án atkvæðisréttar*)

Guðni Thorlacius (*án atkvæðisréttar*)

Gunnar Ásgrímsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Hannes Lúðvíksson (*án atkvæðisréttar*)

Ísleifur Arnórsson, *stúdentaráðsliði, Röskva*

Jóhann Almar Sigurðsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Júlíus Viggó Ólafsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Katrín Anna Karlsdóttir (*án atkvæðisréttar*)

Kolbrún Sara Haraldsdóttir (*án atkvæðisréttar*)

Kristófer Breki Halldórsson, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Vaka*

Magnús Bergmann Jónasson, *stúdentaráðsliði, Röskva*  
Magnús Hallsson (*án atkvæðisréttar*)  
Mathias Bragi Ölvissón, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Röskva*  
Oliver Norquist (*án atkvæðisréttar*)  
Pátrýk Edel, *stúdentaráðsliði, Röskva*  
Stýrmir Hallsson, *stúdentaráðsliði, Röskva*  
Sæþór Már Hinriksson (*án atkvæðisréttar*)  
Tinna Eyvindardóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*  
Valgerður Laufey Guðmundsdóttir (*án atkvæðisréttar*)  
Védís Drótt Cortez (*án atkvæðisréttar*)  
Viktoría Tea Vökudóttir (*án atkvæðisréttar*)

- I. Fundur settur 17:04.  
*Meeting Called to Order at 17:04.*
- II. Fundargerð fundar þann 21. janúar 2025 borin upp til samþykktar.  
*Approval of the Minutes from the Meeting on January 21<sup>st</sup>, 2025.*  
  
Kosið um fundargerðina  
  
Hún er samþykkt einróma.
- III. Tillaga um að SHÍ beiti sér fyrir betra skipulagi innan deilda.  
*Proposal for SHÍ to advocate for better organization within departments.*

Flutningsmaður: Guðlaug Eva Albertsdóttir, varafulltrúi í Stúdentaráði.

**Tillaga**  
**um að SHÍ beiti sér fyrir betra skipulagi innan deilda.**

*Undirrituð leggur til að SHÍ beiti sér í að þrýsta á deildir til að samhæfa prófa- og verkefnaáætlanir kennara innan deilda til að draga úr álagi á nemendum. Samræmi þarf að vera í prófa- og verkefnaáætlunum, og kennarar innan deilda skulu hafa samráð til að koma í veg fyrir ójafnt skipulag sem bitnar á námsárangri og samkeppnishæfni nemenda.*

Guðlaug kynnir efni tillögunnar.

Stýrmir segir þetta auðvelt í framkvæmd og hrósar tillögunni.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt einróma.

IV. Tillaga um möguleika þess að vinna sér inn einingar fyrir félagsstörf.  
*Proposal on the possibility of earning credits for social activities.*

Flutningsmaður: Kjartan Leifur Sigurðsson, varafulltrúi í Stúdentaráði.

**Tillaga**  
**um möguleika þess að vinna sér inn einingar fyrir félagsstörf.**

*Undirritaður leggur til að Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) beiti sér fyrir því að stúdentar geti unnið sér inn einingar fyrir störf sín í þágu nemendafélaga sem starfa innan háskólans.*

Birkir Snær kynnir efni tillögunnar þar sem Kjartan er fjarverandi.

Forseti tekur til máls og segir tillöguna mjög flotta. Spurning hvernig skólinn mun taka í þetta, gæti verið bardagi.

Kristín Fríða bendir á að þeir nemendur sem taki þátt í Team Spark bílasmíðakeppninni fái einingar fyrir þau störf.

Patryk vill kjósa um þetta.

Forseti segir að öflugt félagsstarf sé öllum til hagsbóta og það sé verðugt að berjast fyrir þessu.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt einróma.

V. Tillaga um aukinn sveigjanleika í vettvangsnámi kennaranema.  
*Proposal for increased flexibility in field training for student teachers.*

Flutningsmaður: Gunnar Ásgrímsson, stúdentaráðsliði.

**Tillaga**  
**um aukinn sveigjanleika í vettvangsnámi kennaranema.**

*Undirritaður leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að aukið sé sveigjanleika í vettvangsnámi kennaranema í vettvangsvikum.*

Gunnar kynnir efni tillögunnar.

Magnús Bergmann segir þetta flotta tillögu og að það væri óskandi að hægt væri að hrinda henni í framkvæmd fyrir marsmánuð. Auk þess eigi að einblína á þá nemendur sem eru á þriðja ári eða komnir lengra. Gunnar tekur undir þessi sjónarmið.

Andrea Þórey kemur með þá vangaveltu að hægt væri að brjóta uppá fyrirkomulagið og hafa þriggja vikna vettvangsnám yfir önnina en ekki samfleytt eins og staðan er núna. Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt einróma.

VI. Fundarhlé 17:20-17:30.

*Intermission.*

VII. Tillaga að stuðningsyfirlýsingu við deildir Menntavísindasviðs.

*Proposal for a statement of support for the departments of the School of Education.*

Flutningsmaður: Ísleifur Arnórsson og Sóley Anna Jónsdóttir, stúdentaráðsliðar.

**Tillaga**

**Að stuðningsyfirlýsingu við deildir Menntavísindasviðs.**

*Undirrituð leggja til að Stúdentaráð gefi út yfirlýsingu til stuðnings sniðgönguáðgerða allra deilda menntavísindasviðs gagnvart Ísraelskum menntastofnunum. Stúdentaráð skal skerpa á fyrri afstöðu sinni gagnvart yfirstandandi þjóðarmorðs í Palestínu, sér í lagi í ljósi tillagna Bandarískra stjórnvalda um framkvæmd þjóðernishreinsana á Gaza. Stúdentaráð skal hvetja aðrar deildir til að endurskoða samstarf sitt við ísraelskar menntastofnanir, hvetja deildirnar til að birta tengsl við Ísrael og slíta þeim í ljósi áðgerða Ísraelskra stjórnvalda á Gaza.*

Ísleifur kynnir efni tillögunnar.

Forseti segir að álíka tillaga hafi áður verið lögð fram. Rifjar upp að SHÍ og LÍS hafi áður tjáð sig um þetta mál. Gerir einnig athugasemd við að menntastofnanir séu ávittar.

Júlíus segir tillöguna koma frá góðum stað. Afstaða Vöku í pólitískum málum vera skýra, segir þetta vera grunngildi félagsins. Segir þetta ekki vettvanginn til að vera að álykta um átök úti í heimi. Hagsmunir stúdenta eigi ávallt að vera í forgrunni.

Ísleifur segir að Stúdentaráð hafi ekki samþykkt tillögu áður um að styðja þessa tilteknu yfirlýsingu. Hann segir að það sé fullt tilefni til að bera þessa tillögu upp. Íslenskar menntastofnanir hafi margar bein tengsl við Ísraelskar sem sumar hafi bein tengsl við hernað Ísraels í Palestínu, t.a.m. með hergagnahönnun og njósna. Háskólinn hefur sniðgengið Rússneskar menntastofnanir frá innrásinni í Úkraínu, og styður hann þá sniðgöngu. Hann er ósammála Júlíusi og bendir á að Háskóli Íslands sé hluti af alþjóðlegu kerfi háskóla og því sé þetta okkur viðkomandi.

Bókun frá Önnu Sóleyju Jónsdóttur og Gunnari Ásgrímssyni.

*Við undirrituð, fulltrúar Vöku í Stúdentaráði HÍ, viljum gera grein fyrir afstöðu okkar í þessu máli.*

*Við teljum framgöngu Ísraelsríkis gagnvart Palestínsku þjóðinni á engan hátt réttlætanlega. Viðbrögð Ísraels hafa ekki verið í neinu samhengi við umfang hryðjuverkaárásar Hamas þann 7. október 2023. Við styðjum baráttu Palestínskra borgara fyrir tilvistarrétti lands síns og fordæmum þjóðarmorð.*

*Við tökum ekki afstöðu gegn ákvörðun deilda Menntavísindasviðs, þar sem þau slíta samstarfi við Ísraelskar menntastofnanir og fræðimenn. Það er hvernar deildar fyrir sig að ákveða við hvað stofnanir þau vilja vinna með.*

*Að því sögðu þá hefur það verið afstaða Vöku að blanda ekki alþjóðapolitik við hagsmunabaráttu stúdenta. Við erum sammála þessum prinsippum og munum því greiða atkvæði gegn þessari tillögu.*

Mathias segir tillöguna fallega og afstaða Röskvu sé skýr. Þetta sé hluti af því að vera hluti af alþjóðlegu kerfi stúdenta, við eigum að berjast fyrir stúdentum alls staðar. Hann harmar það að meirihlutinn líti ekki svo á. Hann segir þetta breytingu á stefnu SHÍ en ráðið hafi áður barist fyrir réttindum og frelsi stúdenta um allan heim. Röskva muni ávallt berjast fyrir frjálsu samfélagi.

Ísleifur hefur engu við að bæta. Ítrekar það sem hann sagði áðan. Þakkar fyrir málefnalega umræðu. Kosið um tillöguna.

Tillagan er felld en allir fulltrúar Vöku greiða atkvæði gegn henni. Allir fulltrúar Röskvu greiða atkvæði með henni.

## VIII. Tillaga að lengingu próftímabils.

*Proposal to extend the exam period.*

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson, stúdentaráðsliði.

## Tillaga

### Að lengingu próftímabils.

*Undirritaður leggur til að Stúdentaráð krefjist lengingu á próftímabila úr 11 dögum yfir 15 daga. Lengja ætti því próftímabil á haustönn til 15. desember og á vorönn fram að 15. maí. Þetta felur í sér breytingu á 56. gr. reglna Háskóla Íslands um Próf og próftímabil um lengd próftímabils.*

Styrmir kynnir efni tillögunnar.

Júlíus rekur stuttlega þá umræðu sem átti sér stað á síðasta fundi. Hann segist hafa verið efins en hafi hugsað málið og finnist þetta vera verðugur málstaður til að berjast fyrir.

Forseti segir sjálfsagt að Stúdentaráð berjist fyrir auknum rétti stúdenta hvað prófin varðar. Hann ræddi þetta við rektor nú á dögum. Hann bendir á að nú sé að falla úr gildi það samkomulag sem var gert um endurtektarpróf á haustönn. Rektor stendur með okkur í þessu máli en þetta sé óvinsælt á meðal starfsmanna skólans. Það sé mjög mikilvægt að tryggja að endurtektarpróf á haustönn séu í janúar og hann óttast að þessi tillaga gæti hróflað við því.

Ísleifur segist skilja áhyggjur forseta. Hann segir að samt sem áður eigi Stúdentaráð að lýsa yfir vilja sínum í þessum efnum. Það sé allt í lagi að samþykkja þetta. Forseti svarar stuttlega og ítrekar að hann sé fylgjandi tillögunni efnislega en óttast þær afleiðingar sem hún gæti haft í för með sér. Segir mikilvægt að átta sig á því valdajafnvægi sem er á milli Stúdentaráðs, háskólans, og sviða.

Kristín Fríða skilur ekki af hverju við getum ekki barist fyrir báðum réttindum. Hún vill að Stúdentaráð beiti sér fyrir endurtektinni og próftímabilinu.

Gunnar segist vera hrifinn af tillögunni en tekur undir áhyggjur forseta. Hann ætlar að kjósa með tillögunni en segir það mikilvægt að gera sér grein fyrir því að endurtektin sé mikilvægara mál.

Jóhann Almar segir þetta góða tillögu en segist ekki sáttur með hana ef námsönnin stýttist. Styrmir svarar að svo sé ekki.

Styrmir spyr um þriggja ára prufutímabilið með endurtektir, hvort það sé á öllum sviðum. Forseti svarar að það sé bara á Félagsvísindasviði. Hann segist ekki skilja af hverju þessi tillaga ætti að stefna því fyrirkomulagi í hættu. Forseti svarar því að andrúmsloftið í kringum þetta þriggja ára prufutímabil sé eldfimt. Kennarar séu mjög ósáttir. Því þurfi fólk að gera sér

grein fyrir því að ef Stúdentaráð kjósi að beita sér af hörku í tengdum málefnum geti það haft áhrif.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt einróma.

IX. Tillaga um ráðningu aðgengisfulltrúa við Háskóla Íslands.  
*Proposal for the hiring of an accessibility officer at the University of Iceland.*

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson, stúdentaráðsliði.

**Tillaga  
um ráðningu aðgengisfulltrúa við Háskóla Íslands.**

*Undirritaður leggur til að Stúdentaráð þrýsti á Háskóla Íslands um ráðningu á aðgengisfulltrúa.*

Styrmir kynnir efni tillögunnar.

Kristín Friðla hrósar tillögunni. Hún segir að víða sé pottur brotinn í þessum efnum.

Ísleifur spyr um verkefni eins og t.a.m. aðgengi að salernum skólans, og spyr hvað falli undir verksvið aðgengisfulltrúa. Styrmir segir að aðgengisfulltrúi verði t.a.m. Jafnréttisnefnd innan handar.

Júlíus segir þetta góða tillögu og mikilvægt málefni. Séum að gera fína hluti í þessu máli og mikilvægt að halda áfram að gera enn betur.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt einróma.

X. Bókfærð mál og tilkynningar.  
*Recorded Matters and Announcements*

Forseti er með tvær tilkynningar.

Á morgun er viðburður vegan herferðarinnar í Veröld – húsi Vigdísar. Forseti fékk það í gegn að aðalþing LÍS væri ekki á sama tíma og kosningar til stúdentaráðs. Stúdentaráðskosningar voru síðan færðar þannig núna er þetta smá á sama tíma. Þingið er helgina eftir kosningar á Hvanneyri. Lýsir eftir áhugasömum.

XI. Önnur mál.  
*Other Matters.*

Mathias segir að þetta hafi verið góður fundur. Segist hafa heyrt góða hluti um árshátíðina. Spyr hver staðan er á uppgjöri vegna Októberfest. Sama með árshátíðina. Forseti segir að vel hafi gengið á árshátíðinni en að hún hafi verið rekin í tapi eins og útlit var fyrir. Tekur undir orð Mathiasar og tekur fram að ástæðan fyrir drættinum á uppgjöri Októberfest sé vegna óskýrleika vegna virðisaukaskatts. Segir að stúdentaráð eigi um 80 milljónir í handbært fé. Stúdentaráð sé í góðri stöðu fjárhagslega. Tekjur ráðsins hafi aukist mikið þetta árið. Áætlað að tekjurnar séu yfir 200 milljónir borið saman við 40 árið áður. Framkvæmdastjóri stingur uppá því að hann fari yfir Októberfest og árshátíðina á næsta fundi.

***Fundi slitið.***



